



19. mars 2024

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 121. mál á 154. löggjafarþingi

Samningsviðauki nr. 16 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 (mannréttindasáttmála Evrópu)

Með ofangreindri þingsályktunartillögu er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að fullgilda viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu sem myndi heimila æðstu dómstólum að óska eftir ráðgefandi áliti frá Mannréttindadómstól Evrópu þegar álitaefni kunna að rísa varðandi túlkun eða beitingu réttinda sem tryggð eru með sáttmálanum og eftir atvikum samningsviðaukum hans.

Leitun ráðgefandi álits á sér hliðstæðu í EES-rétti þar sem landsdómstólar geta leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á EES-reglum sem reynir á í málum sem þeir hafa til meðferðar. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og stuðlað að samræmdri framkvæmd mikilvægra reglna.

Hingað til hefur það verið skilyrði fyrir því að bera mál undir Mannréttindadómstól Evrópu að fyrst hafi öll innlend réttarúrræði verið tæmd, sem þýðir að fyrst þarf að reka málið í gegnum öll innlend dómstig. Þannig þarf að höfða málið fyrir héraðsdómi, áfrýja dómi hans til Landsréttar og loks sækja um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar Íslands. Aðeins að fengnum endanlegum dómi Hæstaréttar eða eftir atvikum synjunar um áfrýjunarleyfi telst það skilyrði uppfyllt. Rekstur dómsmáls í gegnum öll innlend dómstig í þessu skyni getur verið mjög langdreginn og kostnaðarsamur.

Ef sá möguleiki væri fyrir hendi að leita ráðgefandi álits Mannréttindadómstóls Evrópu á fyrri stigum málsmeðferðar væri það til þess fallið að auka skilvirkni og draga úr kostnaði ásamt því að bæta gæði úrlausna landsdómstóla í slíkum málum og þar með fækka þeim tilvikum þar sem mál af þessu tagi þyrfti að endingu að bera undir Mannréttindadómstól Evrópu. Hagsmunasamtök heimilanna eru því eindregið fylgjandi þessari tillögu og hvetja til þess að hún verði samþykkt sem allra fyrst.

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is